



Skýrsla stjórnar Myndstefs Lögð fram af formanni á aðalfundi samtakanna 7. júní 2022

Myndstef eru félagasamtök og umsýslustofnun, og er tilgangur samtakanna að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á þessu sviði.

Hlutverk Myndstef er m.a. að innheimta höfundaréttar- og fylgiréttagreiðslur og koma þeim til höfunda/rétthafa, að veita lögfræðilega ráðgjöf varðandi höfundarétt og gerð samninga, að standa fyrir kynningum og fræðslu, að hafa áhrif á þróun laga og annast samningagerð við opinbera aðila og einkaaðila, ásamt fleirum verkefnum.

Stjórn Myndstefs er samansett úr einum aðila tilnefndum af SÍM, einum aðila tilnefndum af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og einum aðila tilnefndum af Ljósmyndarafélaginu – ásamt tveimur óháðum aðilum tilnefndir af fulltrúaráði. Hvert aðildarfélag Myndstefs, sem eru 19 talsins, á sæti í fulltrúaráði.

Í maí s.l. voru skráðir félagsmenn Myndstefs **2.690** talsins, þar af eru 325 aðilar eru skráðir með einstaklingsaðild utan aðildarfélaga.

Þann 11. febrúar 2021 varð Myndstef 30 ára, en þann dag árið 1991 voru samtökin stofnuð af SÍM – Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Ljósmyndarafélagi Íslands, Félagi íslenskra teiknara og Félagi grafískra teiknara. Aðal hlutverk sjóðsins í dag er enn það sama og það var við stofnun hans, að gæta hagsmuna þeirra sem eiga höfundarétt að myndum (myndverkum/sjónlist).

1. Skrifstofa Myndstefs og starfsmannahald

Aðalheiður Dögg, framkvæmdastjóri, og Harpa Fönn, lögfræðingur, eru einu starfsmennirnir á skrifstofu Myndstefs og starfa þær báðar í hlutastörfum. Einnig fær formaður greitt mánaðarlega fyrir störf sín fyrir samtökin.

Engin breyting var á starfsemi eða starfsmannahaldi á árinu 2021.

Í október 2021 auglýsti skrifstofa Myndstefs eftir starfsnema við hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands. Verkefni starfsnema var að skrásetja og taka saman sögu Myndstefs. Soffía Sæmundsdóttir, myndlistarkona og nemandi í hagnýtri menningarmiðlun í Háskóla Íslands, sýndi þessu verkefni mikinn áhuga og fundaði Aðalheiður, hún og Sumarliði Ísleifsson, lektor við HÍ. Að endingu var undirritaður samningur um ólaunað starfsnám Soffíu, en hóf hún vinnu sína í janúar 2022.

Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði (ekki í júlí og des) og má finna dagskrár stjórnarfunda s.l. 12 mánaða á heimasíðu Myndstefs.

2. Kynningar, fræðsla og málþing

Eitt af mikilvægum hlutverkum Myndstefs er fræðsla, bæði fyrir höfunda og notenda hugverka. Á árinu 2021 héldu starfsmenn Myndstefs ýmsar kynningar og fyrirlestra.

Meðal annars voru haldnir tveir fyrirlestrar í Listaháskóla Íslands, bæði fyrir myndlistardeild og hönnunar-og arkitektúrdeild (á vorönn). Fyrir aðalfund SÍM í maí var haldinn fyrirlestur fyrir félagsmenn þeirra. Einnig var haldin hádegiskynning fyrir félagsmenn Arkitektafélags Íslands í nóvember.

Stærsta kynning ársins var án efa kynning á breyttum skattalögum þann 21. október. Upphaflega átti að halda þá kynningu að vori árs 2020 en var frestað vegna covid. Breytingin sem um ræður tók gildi 1. jan 2020 og með því breyttist skattlagning höfundaréttartekna (vegna seinni afnota verka). Þær voru ekki lengur tekjuskattskyldar heldur eru þær nú fjármagnstekjuskattskyldar.

Tilgangur kynningarinnar var að kynna lögina fyrir félagsmönnum, meðal annars til þess að auðvelda höfundum framkvæmd við útgáfu reikninga, útreiknings skattstofns og skil á skatti og staðgreiðslu. Kynningin var almenns eðlis þar sem fjallað var um tildrög breytinganna og almenn framkvæmd í ljósi skattlagningar höfundaréttartekna.

Guðbjörg Þorsteinsdóttir, skattalögfræðingur og meðeigandi hjá Deloitte, kynnti lögina og fjallaði um skilyrði skattlagningarinnar og framkvæmdina. Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögfræðingur Myndstefs og Aðalheiður Dögg Finnsdóttir, framkvæmdastjóri Myndstefs, stilltu upp nokkrum raunhæfum dæmum og álitamálum í samræmi við lögina ásamt því að svara spurningum úr sal.

Kynningin í heild sinni var tekin upp og skipt upp í tvö myndbönd. Vinnan við það var í höndum fyrirtækisins Sahara. Þessi myndbönd og aðrar upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu Myndstefs.

3. Innlent samstarf

Innra samstarf og samtal

Myndstef heldur uppi samstarfi og reglulegu samtali við aðildarfélög sín og innlend systursamtök, hagsmunasamtök, stórnotendur og fleiri sem hafa með umsýslu höfundaréttar að gera, að aðra hagsmunagæslu. Fer það eftir þeim málum sem eru í deigluinni hverju sinni hvaða samstarf er lögð sérstök áhersla á árlega. Hér er samantekt á ýmsum áherslumálum á árinu 2021;

Samstarf var eftt við félag leikmynda- og búningahöfunda, og yfirlýsing um samstarf frá 26. janúar 1993 var endurnýjað í desember 2021.

Samstarf og samtal var eftt við myndskreyta (myndhöfunda) og félagsmenn í undirfélagi FÍT, sem ber heitið Fyrirmynd. Unnið var að gerð samningsdraga sem myndi ná yfir svið bókaútgáfu og myndlýsingar á Íslandi.

Samstarf við SÍM hefur ávallt verið farsælt, einkum vegna Listskreytingarsjóðs og málefni listasafnanna, bæði er varðar birtingu verka þeirra og birtingu sýningarskráa sem og aðra notkun. Einnig hefur lögfræðingur Myndstefs veitt samtökunum ýmsa lögfræðiráðgjöf og þjónustu.

Unnið var í samstarfi og samtali við Félag íslenskra bókaútgefenda, FÍBÚT, sem hófst árið 2020. Samstarf var tekið lengra og samningsdrög send FÍBÚT, sem voru svo tekin fyrir á fundi vorið 2022.

Samstarf og samtal á sér stað við Landsbókasafn, einkum vegna vefsins timarit.is, sem og Blaðamannafélag Íslands um ýmis málefni sem skarast milli félagsins og Myndstefs. Einnig var gott samstarf og samtal við Sarpur.is, vegna ýmissa málefna er varða vefinn, til að mynda birtingar og sýnileika skilmála vegna höfundaréttar.

Samstarf við önnur aðildarsamtök Myndstef hafa verið afar farsæl þetta árið, og til viðbótar þeirra sem nefnd eru að ofan þá einkum við FÍSL, Ljósmyndarafélag Íslands, Arkitektafélag Íslands og Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs. Að auki hefur samtal og samstarf við STEF, Rithöfundasambandið, Hagþenki, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag íslenskra leikstjóra og BÍL verið ánægjulegt.

Myndstef á í margvíslegu samstarfi við menningarstofnanir og félög á Íslandi og tilnefnir fulltrúa í ýmsar nefndir og ráð. Hér má finna yfirlit og upplýsingar um helstu ráð, nefndir og stjórnir sem Myndstef á sæti í og upplýsingar þar um.

- **Úthlutunarnefnd greiðslna fyrir afnot á bókasöfnum (bókasafnssjóður)**

Af árlegu framlagi úr ríkissjóði er úthlutað samkvæmt lögum 91/2007 til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa sem eiga bækur á Landsbókasafni-Háskólabókasafni, almenningsbókasöfnum, skólabókasöfnum, og bókasöfnum stofnana sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum. Lög um bókmenntasjóð og fleira tóku gildi 17.3.2007 og þá féllu úr gildi lögin um Bókasafnssjóð höfunda frá 1. janúar 1998. Rithöfundasamband Íslands sér um umsýslu og greiðslurnar.

Myndstef á eitt sæti í úthlutunarnefnd og situr Harpa Fönn Sigurjónsdóttir þar.

- **Fjölís**

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að fara með kollektífar heimildir til innheimtu tekna vegna slíkrar hagnýtingar og nær hún bæði til innlendra og erlendra rétthafa.

Myndstef á eitt sæti í stjórn og eitt sæti í fulltrúaráði. Ragnar Th. Sigurðsson situr í stjórn og Harpa Fönn Sigurjónsdóttir í fulltrúaráði (Logi Bjarnason er varamaður hennar).

- **Höfundaréttarráð**

Höfundaréttarráð er vettvangur fyrir kynningu og umræðu um þau höfundaréttarmálefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma, einkum tillögur um breytingar á höfundalögum og áhrif höfundalaga á samfélagið. Árið 1992 var kveðið á um að stofnað skyldi höfundaréttarráð í tengslum við 58. gr. laga nr. 73/1972, og 6. gr. reglugerðar um starfsreglur höfundaréttarnefndar og höfundaréttarráðs, nr. 500/2008. Í álit Menntamálanefndar á Alþingi í ársbyrjun 2006 kemur fram að virkja skuli þetta ákvæði og stofna höfundaréttarráð.

Myndstef á eitt sæti í ráðinu og situr Aðalheiður Dögg Finnsdóttir Helland þar.

- **IHM, Innheimtumiðstöð rétthafa**

Aðaltilgangur IHM er að móttaka og úthluta bótum úr ríkissjóði vegna bóta til rétthafa vegna eintakagerðar til einkanota eins og nánar er tilgreint í reglugerð nr. 125/2001 og lögum nr. 60/2000. Einnig sér IHM um innheimtu vegna kapalgeirans.

Myndstef á eitt sæti í stjórn og eitt sæti í fulltrúaráði. Í stjórn situr Harpa Fönn Sigurjónsdóttir og Logi Bjarnason í fulltrúaráði.

- **KÍM, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar**

Hlutverk KÍM er að kynna og styðja við íslenska myndlistarmenn erlendis. Miðstöðin aðstoðar listamenn að fjármagna verkefni sín, kynnast öðrum listamönnum og koma á sambandi/samstarfi milli ríkis- og einkaaðila, samtataka og fyrirtækja. KÍM hefur umsjón með íslenska skálanum á Fenejartvíæringnum.

Myndstef á eitt sæti í fulltrúaráði og situr Logi Bjarnason þar.

4. Erlent samstarf

Myndstef á í samstarfi við erlend höfundaréttarsamtök og gilda þar um gagnkvæmir samningar. Þau samtök eru kölluð systursamtök Myndstefs. Það þýðir að þessi samtök standa vörð um hagsmuni félagsmanna Myndstefs í þeim löndum og öfugt.

Sérstakt samstarf er milli Myndstefs og systursamtaka í Norðurlöndunum. Þar á sér stað mikið samtal um þróun höfundaréttar í Evrópu og hefur Myndstef notið aðstoðar frá þessum samtökum í einstaka málum. Reglulega eru haldnir fundir þessara samtaka þar sem fulltrúar koma saman og funda. Síðast var slíkur fundur í Helsinki árið 2019 og var sá næsti skipulagður árið 2021 í Kaupmannahöfn, en færa þurfti hann til þessa árs.

Myndstef hefur gert gagnkvæmnissamninga við eftirfarandi samtök:

- ADAGP (Frakkland)
- BONO (Noregur)
- BUS – Bildupphovsratt (Svíþjóð)
- HUNGART (Ungverjaland)
- IVARO (Írland)
- KUVASTO (Finnland)
- LITA (Slóvakía)
- OOA-S (Tékkland)
- VEGAP (Spánn)
- VISDA (Danmörk)

Þar að auki er Myndstef meðlimur í **EVA** (*European Visual Artists*), en það eru samtök 28 höfundaréttarsamtaka sjónlistamanna í Evrópu sem beita sér fyrir því að sjónlist sé notuð með löglegum hætti og ekki brotið á höfundarétti listamanna. Einnig hafa samtökin áhrif á breytingar á höfundarétti í tilskipunum Evrópusambandsins.

Þann 13. desember 2021 sótti Myndstef um inngöngu inn í **CISAC**, en það eru alþjóðleg höfundaréttarsamtök með 232 aðildarfélög frá yfir 121 löndum. Samtökin starfa á sviði allra listgreina og starfa í Evrópu, Afríku, Suður-Ameríku og Asíu, en eru með höfuðstöðvar í Frakklandi. Samtökin voru stofnuð árið 1926 og stendur vörð um höfundarétt og stuðlar að hagsmunabaráttu höfunda um allan heim. Þau aðstoða einnig aðildarfélög sín og fylgjast með og hafa áhrif á þróun höfundalaga.

Niðurstöðu um inngöngu Myndstefs í CISAC er að vænta núna í júní.

5. Stjórnsýsla og landslög

Starfsemi Myndstefs lýtur ýmsum lögum, m.a. höfundalögum nr. 73/1972, reglugerð nr. 486/2001 og lögum nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslu höfundaréttar. Myndstef hefur bráðabirgða viðurkenningu Menningar- og viðskiptaráðuneytis, en sótti um endurnýjun á viðurkenningu til ráðuneytis þann 1. nóvember 2021. Þeirri umsókn hefur ekki verið svarað efnislega.

Eitt af hlutverkum Myndstefs er að hafa áhrif á þróun laga og hafa samtökin sinnt því með reglulegum fundum með ráðuneytum og með formlegum bréfum, greinargerðum og umsögnum. Einnig sitja fulltrúar Myndstefs ýmsa samráðsfundi. Með því að eiga sæti í höfundaréttarráði og tilnefningu í höfundaréttarnefnd geta samtökin freistað þess að hafa bein áhrif á þróunina innan ráðuneytisins.

Í desember árið 2020 sendi Myndstef inn umsögn í samráðsgátt til **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis**, vegna breytinga á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks. Umsögn Myndstefs snerist aðallega að fylgirétti og breytingum þar um.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem haldinn var mánudaginn 1. mars var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki, 444. mál. Þangað mættu Harpa Fönn og Aðalheiður. Í kjölfarið sendi Myndstef inn viðbótarumsögn.

Þann 23. apríl 2021, tóku svo gildi ný lög um breytingar á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki. Með lögnum voru lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu felld úr gildi. Í ágúst var send út tilkynning og upplýsingar til endursöluaðila.

Breytingar á þessum lögum fela m.a. í sér breytingar á eftirfarandi;

- því hvort greint sé á milli fyrstu sölu og endursölu á uppboðum
- hvort greiða þurfi fylgiréttargjöld af endursölu verka eftir höfunda sem fallnir eru úr vernd
- lokuðum (frjálsum) uppboðum utan starfsstöðvar
- leyfisveitinga vegna listmunauppboða
- framkvæmd og eftirfylgni við vanefnd endursöluaðila á að skila skilagrein og greiðslu fylgiréttar til Myndstefs

Sumar þessara breytinga teljast til eðlilegrar þróunar og er samræming við höfundalög í öðrum Evrópulöndum, en aðrar eru gagnrýndar af samtökunum. Nú er þrýstingur frá Myndstefi á Menningar- og viðskiptaráðuneyti á að breyta höfundalögum og/eða reglugerð um fylgirétt samhliða breytingum á lögum um verslunaratvinnu.

Í apríl árið 2021 funduðu starfsmenn Myndstefs með fulltrúum frá **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu** (sem þá hét) um ýmis mál. Þá var m.a. rædd höfundaréttarstefna og myndlistarstefna, aðgengi að menningararfinum, listskreytingasjóð, vafaatriði vegna sæmdarréttar, fylgirétt (vegna breytinga á lögum um verslunaratvinnu) og 16. gr höfundalaga.

Í maí sendi Myndstef ásamt Rétti lögmannsstofu erindi til ráðuneytis vegna nokkurra vafaatriða **vegna 4. gr. höfundalaga**, varðandi sæmdarrétt. Það sneri þá helst að atriðum eins og viðhaldi (og viðhaldsleysi) og förgun verka. Erindinu var svarað þann 6. júlí.

Í september 2021 sendi Myndstef erindi á Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem rétt hafar og hagsmunaaðilar óskuðu eftir því að ráðuneytið taki formlega afstöðu til túlkunar **16. gr. höfundalaga nr. 73/1972**, og einnig meti hvort breytinga sé þörf á höfundalögum í þessu samhengi. Þessi grein höfundalaga varðar það að taka og birta myndi af útlistaverkum eða byggingum staðsettum varanlega utanhúss (útlistaverk). Erindið var sent ásamt minnislaði frá Rétti og Erlu S. Árnadóttur, um túlkun 16. gr. Þeir rétt hafar og hagsmunaaðilar sem tóku þátt í erindinu voru: Anna Eyjólfsdóttir, myndlistarmaður og forkona SÍM, Hlynur Helgason, myndlistarmaður og varaformaður SÍM, Logi Bjarnason, myndlistarmaður og formaður Myndhöggvarafélag Íslands, Rúrí, myndlistarmaður, Ólöf Nordal, myndlistarmaður, Kristinn E. Hrafnsson, myndlistamaður, Birgitta Spur (rétt hafi útlistaverka Sigurjóns Ólafssonar), Þorbjörg Jónsdóttir (rétt hafi útlistaverka Jóns Gunnars Árnasonar), Ragnar Th. Sigurðsson, formaður Myndstefs.

Svar barst frá ráðuneytinu í desember 2021, og var andsvar Myndstefs og ofantalinna rétt hafa sent í mars 2022. Enn er málið á borðum ráðuneytisins og óvíst um túlkun ákvæðisins, og ekki sami skilingur lagður í ákvæðið af skrifstofu Myndstefs og áralangri framkvæmd vegna notkunar

á grundvelli 16. gr. höfl, og starfsmönnum ráðuneytisins. Myndstef bindur vonir við að ákvæðinu verði breytt og það gert skýrar, þegar höfundalögum verði breytt vegna innleiðingar DSM tilskipunarinnar.

Myndstef tilnefndir í **höfundaréttarnefnd** Menningar- og viðskiptaráðuneytis og situr nú Harpa Fönn Sigurjónsdóttir þar. Í nefndinni eru 7 sérfróðir einstaklingar á sviði höfundaréttar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Höfundaréttarnefnd fjallar um málefni sem varða höfundarétt, þar á meðal tekur nefndin fyrir erindi sem ráðherra vísar til nefndarinnar og veitir álit um slík erindi.

Helsta verkefni nefndarinnar á síðasta ári var undirbúningur vegna innleiðingar svokallaðarar DSM tilskipunar, (EU) 2019/790. Þá var unnið að þýðingu hennar og drög að spurningalista fyrir hagsmunahópa- og félög gerð. Ekki er gert ráð fyrir að tilskipunin verði innleidd fyrr en árið 2024 en ef vel er að staðið og hátt heyrir í höfundum sjónlistaverka ætti innleiðing að fela í sér réttarbætur á hagsmunum og höfundarétti höfunda.

6. Fylgiréttargjöld

Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands er falið að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka og sölu listaverka á uppboðum í höfundalögum nr. 73/1972 (25. gr. b.) og reglugerð nr. 486/2001.

Á árinu 2021 námu innheimt fylgiréttargjöld rúmlega 36 milljónum og voru tæplega 25 milljónir greiddar til viðeigandi höfunda og réttthafa. Rúmlega 7 milljónir runnu til starfslaunasjóðs, þar af renna um 2,7 milljónir í sjóð þar sem höfundur/réttthafi finnst ekki, höfundaréttur er runnin út eða íslenska ríkið fer með höfundarétt. Breyting á lögum um verslunaratvinnu felur í sér mögulega lækkun á síðastnefndum fjármunum þar sem ekki ber lengur að greiða fylgirétt af verkum sem fallin eru úr vernd, en það telst lítilsháttar sem stendur.

Almennt gengur innheimta fylgiréttargjalda ágætlega og flestir skila og greiða skv lögum og reglum, þó er ávallt töluverð vinna skrifstofu sem fer í innheimtu þess. Erfitt hefur reynst að sannreyna endursölu þeirra aðila sem vísitandi fara ekki eftir lögum og reglum og hafa kærur Myndstefs þess efnis ekki borið árangur hingað til.

Aðfarabeidni á hendur Rammamiðstöðvar

Aðfarabeidni á hendur Rammamiðstöðvar var send til Sýslumannsins í Reykjavík í febrúar 2021 vegna vanskila á skilgreinum og greiðslum fylgiréttargjalda, vegna endursölu listmuna.

Lögfræðingur þeirra skilaði skilgreinum frá fyrirtækinu og eiganda þess þann 23. mars og 9. apríl.

Allar skilgreinarnar voru á núlli, þ.e. sýndu fram á enga endursölu listmuna.

Áætlanir voru felldar niður og aðfarabeidni afturkölluð.

Óskað var eftir skriflegri yfirlýsingu þess efnis að viðkomandi væri hættur endursölu. Það hefur ekki borist.

Kæra á hendur Rammamiðstöð

Árið 2019 sendi Myndstef inn kæru á hendur Rammamiðstöðvar. Kæran snerist þá aðallega um það að óskað var eftir því að lögregla rannsakaði það HVORT endursala ætti sér stað á starfstöð. Á árinu 2021 virðist hafa átt sér stað lítilsháttar rannsókn þótt ekki sé vitað hversu ítarleg hún var. Einnig óskaði lögregla eftir frekari upplýsingum frá Myndstef. Málinu er enn ólokið og hafa samskipti við lögregluna haldið áfram á þessu ári.

Kæra á hendur Gallerí Foldar

Árið 2019 sendi Myndstef inn kæru á hendur Gallerí Foldar (GF) vegna vangoldinna fylgiréttargjalda og skilum á skilgreinum. Þá var í skuld 39 vefuppboð og 3 uppboð á starfstöð, það elsta frá 20. júní

2018. Eftir að kærán var send inn bættist einnig við skuldina. Í júlí 2019 byrjaði galleríið að greiða samviskusamlega af nýjustu uppboðum sínum. Í mars 2020 bað GF um að gera greiðslusamkomulag um skuld sína. Drög voru gerð en greiðsluplan var aldrei gert og samkomulagið var ekki undirritað. Á þessum tíma var galleríið þó byrjað að greiða inn á skuld sína. Í mars var Jóhann Hansen, framkvæmdastjóri GF, boðaður til viðtals hjá rannsóknalögreglukonu vegna kærunnar. Viðtalið átti að fara fram 24. mars 2021. Jóhann Hansen, framkvæmdastjóri GF, hafði samband og óskaði hann eftir því að greiða upp skuldina, sem hann gerði þann 23. mars. Greidd voru öll ógreidd fylgiréttargjöld. Kærán var dregin til baka sama dag. Gallerí Fold var þá skuldlaust og hefur staðið í skilum frá þessum tíma.

7. Höfundaréttargjöld

Höfundaréttartekjur Myndstefs utan samningskvaðasamninga, Fjölís og IHM koma til vegna beinnar innheimtu á höfundaréttargjöldum fyrir myndhöfunda, þá ýmist að beiðni höfundanna og/eða að beiðni notenda þegar Myndstef hefur umboð frá þeim höfundum verka sem nota á. Af þessum innheimtum gjöldum halda samtökin eftir 20% fyrir umsýslu, en 80% eru greidd til höfundanna eða erfingja þeirra.

Á árinu 2021 námu innheimt höfundaréttargjöld vegna einstakra mála eða notkunar tæplega 3 milljónum og voru tæplega 2 milljónir greiddar til viðeigandi höfunda og rétthafa.

8. Samningamál

Ýmsir samningar hafa verið gerðir á árinu, margir hverjir vegna einstakra verkefna eða útgáfa en einnig samningskvaðasamningar. Meðal samninga sem undirritaðir voru á árinu var samkomulag við SKOT production vegna sjónvarpsþáttanna „Bætt um betur“ og samningur við Borgarleikhúsið (Leikfélag Reykjavíkur) vegna leiksýningarinnar „Kjarval“.

Eins og rætt var um á aðalfundi árs 2021 var ætlunin að undirrita aðildarsamninga við aðildafélög- og samtök Myndstefs. Drögin voru þá kynnt stjórn og fulltrúaráði. Samningarnir voru svo fullkláraðir og hófst undirritun þeirra í mars á þessu ári. Stjórn hvetur þau félög sem eiga eftir að undirrita samning að gera það hið fyrsta.

9. Kollektívar (sameiginlegar) greiðslur

Kollektívar greiðslur í höfundarétti skiptast að öllum jöfnu í eftirfarandi flokka á sviði myndverka, og skal hér einnig vísað til ensks heitis og skammstafana til upplýsinga og fræðslu:

Afritun, Fjölís 1. mgr. 18. gr. höfl (e. Reprographic Rights – RR)

Eintakagerð til einkanota – IHM, 11. gr. höfl (e. Private Copying - PC)

Endurvarp, IHM 23. gr. a. höfl. (e. Retransmission rights RTM)

Útlán, svokallaður Bókasafnssjóður, lög nr. 91/2007 (e. Public Lending rights PLR)

Samningskvöð – útsendingar sjónvarpsstöðvar (e. Broadcasting rights)

Samningskvöð – eintakagerð, söfn, 12. gr. höfl. (e. Reproduction and publishing rights)

Samningskvöð – eintakagerð, stofnanir vegna sérstakra hópa, 19. gr. höfl. (e. Reproduction and publishing rights)

Samningskvöð – birting, stofnanir í fræðslutilgangi, 14. gr. höfl. (e. Reproduction and publishing rights)

Almenn samningskvöð, önnur not sbr. 2. mgr. 26. gr. a. höfl.

Fjármunir Myndstefs sem falla undir kollektívar greiðslur koma bæði frá regnhlífasamtökum sem Myndstef á aðild að (Fjölís og IHM) en einnig vegna ýmis konar samningskvaðasamninga sem samtökin gera. Samningskvaðasamningar eru gerðir vegna kollektívra greiðslna í mörgum tilvikum þar sem notkun og birting á fjölda myndverka er ekki hægt að tilgreina sérstaklega, þar sem notkun nær til umtalsverðar fjölda verka yfir sama svið og byggja slíkir samningar á samningskvaðaákvæðum í höfundalögum. Samningskvaðaákvæðin heimila þannig rétthafasamtökum höfunda, þeas

sameiginlegum umsýslustofnunum eins og Myndstef, að gera samninga um not verka sem binda bæði félagsmenn samtakanna og þá sem ekki eru í samtökunum .

Með viðurkenningu og bráðabirgðaviðurkenningu Myndstefs veitist heimild til handa samtökunum til þess að gera slíka samninga. Þessir fjármunir renna í sjóð Myndstefs af frádregnum umsýslukostnaði, en sjóðurinn er m.a. notaður til þess að greiða styrki Myndstefs. Þeir höfundar sem Myndstef kemur ekki fram fyrir geta þó gert kröfu til þess að fá einstaklingsbundna þóknun fyrir not á grundvelli samningskvaðaleyfisins.

Kollektívu greiðslunar skiptast niður í eftirfarandi flokka í samræmi við núverandi bókhald Myndstefs;

a) Fjölís – Afritun

Tekjur frá Fjölís eru vegna samninga samtakanna vegna ljósritunar í skólum, við kóra, þjóðkirkjuna, sveitarfélög og stjórnarráðið.

Heildartekjur Myndstef árið 2021 skv. úthlutunum frá Fjölís námu 21.816.038 kr. og eru horfur á að tekjur félagsins verði svipaðar á komandi árum.

b) IHM, 11. gr. – Eintakagerð til einkanota

Tekjur frá IHM vegna löglegra eintakagerðar höfundarvarinna myndverka til einkanota eru bætur sem eru greiddar úr ríkissjóði. Þessar tekjur hafa s.l. ár ekki verið ráðstafað að fullu af Myndstef þar sem um „bráðabirgðauthlutun“ var að ræða. Það skýrðist af ágreiningi milli aðildarfélaga IHM um skiptingu fjármuna, sem hefur staðið yfir frá árinu 2017.

Þann 9. nóvember 2020 var samþykkt af fulltrúaráði IHM að fara formlega sáttarleið skv. samþykktum IHM. Fyrsta skrefið var að ráða óháðan sáttarmann og að endingu var fyrrverandi formaður hæstaréttar, Viðar Már Matthíasson, ráðinn í starfið. Lauk hann starfi sínu 27. mars 2021 með formlegri sáttartillögu, en henni var formlega hafnað á aðalfundi IHM 2. júní. Myndstef kaus með tillögunni, en skv henni hefði hlutur Myndstefs átt að hækka úr ca. 5,8% í 7%.

Ákveðið var þá formlega á fulltrúaráðsfundi IHM þann 2. júní að fara með ágreininginn í gerðardóm. IHM ber kostnað af dóminum þar sem tillaga sáttarmanns hlaut ekki samþykki, en hvert aðildarfélag ber kostnað af sínum málalíbúnaði.

Myndstef réð lögmann og undirritaði verkefnabréf við lögmannsstofuna LOGOS þann 28. september 2021. Lögmaður Myndstefs heitir Áslaug Björgvinsdóttir, en hún er með LL.M. gráðu í hugverkarétti frá Stokkhólmsháskóla. Áslaug er meðal fremstu sérfræðinga landsins á sviði hugverkaréttar og upplýsingatækniréttar.

Eftirfarandi aðilar voru valdir dómárar: Hulda Árnadóttir héraðsdómari, Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari og Helgi Ingólfur Jónsson fyrrum Hæstaréttardómari. Greinagerð var skilað 10. jan 2022 og viðbótargreinagerðum þann 22. mars 2022. Millipinghald var 7. apríl og málf lutningur fór fram dagana 9. og 10. maí. Dómur lág fyrir þann 27. maí. Var Myndstef dæmd 7% hlutdeild af fjármunum IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem er um 1,2% hækkun frá fyrri hlutdeild. Dómnum er ekki hægt að áfrýja. Niðurstaða dómsins gildir í 10 ár, frá árinu 2017.

Myndstef hefur frá árinu 2017 fengið greitt frá IHM „til bráðabirgða“ skv. fyrri skiptingu (þ.e. um 5,8%). Ljóst er að Myndstef eigi því að fá greidda hækkun fyrir s.l. 5 ára en ekki er ljóst hvenær sú greiðsla muni berast. IHM er eins og er án framkvæmdastjóra og verður nýr aðili ekki ráðinn fyrr en eftir sumarið.

Þegar þetta er ritað hefur Myndstef greitt 5.633.625 kr. í kostnað vegna gerðardóms (þar af 1.938.988 kr. á árinu 2021), en lang stærsti hluti hans er lögfræðikostnaður. Ljóst er að endanlegur kostnaður verður hærri, en eiga samtökin eftir að greiða lögfræðikostnað vegna málflutnings.

Tekjur frá IHM vegna eintakagerðar til einkanota á árinu 2021 nam 10.321.665 kr. Nú er hægt að ráðstafa þessum fjármunum í styrki Myndstefs og verður það gert skv leiðbeiningum frá löggildum endurskoðanda samtakanna.

Fyrir ágreining og breytingar átti Félag leikmynda- og búningahöfunda (FLB) sérstakan hlut af fjármunum frá IHM, sem var greitt af hlut Myndstefs. Þar var getið um hlut FLB í reglum IHM, en er ekki lengur.

Það er því ljóst að núna þarf Myndstef og FLB að semja sérstaklega um þetta, og er áætlað að það verði gert eftir sumarið.

c) IHM – Endurvarp/kapalgeiri

IHM innheimtir einnig bætur vegna endurvarps hjá sjónvarpsstöðvum, en bæturnar berast IHM frá innlendum aðilum og frá erlendum systursamtökum IHM (vegna notkunar þarlendis). Þessar tekjur hafa ekki verið að berast Myndstefi reglulega s.l. ár og voru því uppsafnaðir fjármunir hjá IHM. Á árinu 2021 var það gert upp.

Myndstef á 4,87% hlut af 20% hluta af þessum tekjum.

Á árinu 2021 bárust eftirfarandi tekjur frá IHM vegna kapalgeirans:

Uppsafnaðar erlendar greiðslur frá Norwaco, Copydan og Copyswede (frá árunum 2013-2020) námu 1.826.671 kr.

Uppsafnaðar innlendar greiðslur frá árunum 2006-2020 námu 1.137.115 kr (sem skiptist svo: 184.102 kr vegna ársins 2020, 241.848 kr vegna ársins 2019 og 711.165 kr vegna áranna 2006-2011).

d) Samningskvaðasamningar

Skv. bráðabirgðaviðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytis (Nú: Menningar- og viðskiptaráðuneyti) hefur Myndstef heimild til þess að gera samningskvaðasamninga. Þessir samningar eru gerðir við notendur þegar mikil notkun myndverka á sér stað og erfitt eða ógerlegt er að tilgreina hverja notkun eða hvert verk. Þá ná þessir samningar yfir alla myndhöfunda, ekki eingöngu félagmenn Myndstefs.

Rétthafar sem ekki eru í samtökunum geti gert kröfur um þóknun. Einstakir höfundar sem eru félagsmenn Myndstefs geta þó bannað samningsaðila notkun á grundvelli samningskvaðaleyfis. Skal höfundur hafa frumkvæði af því að tilkynna slíkt bann til Myndstefs sérstaklega og liggur ekki önnur tilkynningarskylda á Myndstef vegna þessa, enda þá myndi tilgangur samningskvaðaleyfis missa mark sitt.

Þessir fjármunir renna í dag í styrktarsjóð Myndstefs, þótt vonast er til þess að þeir verði greiddir beint til höfunda/rétthafa með innleiðingu nýs greiðslukerfis.

Heildarinnkoma Myndstefs árið 2021 vegna samningskvaðasamninga nam 4.754.498 kr. Skipta má þó þessum samningum í nokkra flokka, eftir notkun og starfsemi notenda, sem og þeim ákvæðum í höfundalögum sem talin eru upp hér að ofan.

a. Samningskvaðasamningar við söfn (12. gr. höfl)

Á árinu 2018 starfaði vinnuhópur að gerð samnings milli Myndstefs og safna um birtingu á safnkosti þeirra á Sarpi. Aðilar í vinnuhópnum voru formaður Myndstefs og aðilar úr Safnaráði og safnstjórar.

Þann 20. desember 2018 voru fyrstu slíkir safnasamningar undirritaðir við Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands og ber samningurinn heitið „Samningur um eintakagerð og stafræna birtingu á afritum af safnkosti úr rafrænum safnmunaskrá“.

Samningurinn heimilar birtingu safnskots safnanna á Sarpi og á vefsvæðum safnanna. Einnig veitist víðtækari heimild til notkunar í kennslu.

Frá fyrstu samningunum hafa fleiri slíkir samningar verið undirritaðir. Í dag eru samningar í gildi við eftirfarandi söfn:

- Gerðarsafn
- Gljúfrasteinn
- Hafnarborg
- Listasafn ASÍ
- Listasafn Árnesinga
- Listasafn Borgarness
- Listasafn Íslands
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar
- Safnasafnið
- Þjóðminjasafn Íslands

Heildartekjur vegna samningskvaðasamninga við söfn árið 2021 námu 3.757.080 kr.

b. Samningskvaðasamningar við sjónvarpsstöðvar (v. útsendinga)

Á árinu 2021 voru ekki í gildi samningskvaðasamningar við neinar sjónvarpsstöðvar, þó voru í gildi heildarsamningar sem bundu þó miðlana til þess að nafngreina alla höfunda birtra myndverka í efni sem þeir framleiða.

Það sem þessir samningar hafa ekki verið hagstæðir og kosta of mikla vinnu, bæði af hendi miðla og Myndstefs, var ákveðið árið 2021 að breyta þessum samningum í samningskvaðasamninga.

Unnið var við það á árinu 2021 en lauk ekki fyrir árslok. Þó tókst að undirrita slíkan samning við Ríkisútvarpið (RÚV) í febrúar árs 2022.

Því voru engar tekjur á árinu vegna samningskvaðasamninga við sjónvarpsstöðvar, en þær koma inn á árinu 2022.

c. Samningskvaðasamningar við menntastofnanir (14. gr. höfl)

Í boði stendur fyrir ýmsar menntastofnanir að gera samningskvaðasamning. Á árinu var eingöngu einn slíkur samningur í gildi, og það var við Menntamálastofnun vegna sérstaks listaverkavefs sem er í býgerð hjá stofnuninni.

d. Aðrar samningskvaðir

Í bígerð eru samningar við Hljóðbókasafnið vegna notkunar myndverka, einkum kápulistar, bæði á innri vef safnsins og á ytri vefnum. Mismunandi samningar og ákvæði í höfundalögum gilda um sitt hvor notin. Samningarnir voru tilbúnir á árinu, en bíða nú staðfestingar menningar- og viðskiptaráðuneytis.

e. Greiðslur vegna útlána bókasafna, á grundvelli laga nr. 91/2007 – bókasafnssjóður

Bókasafnssjóður úthlutar af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum, til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, samkvæmt útlánum og afnotum

verka þeirra á bókasöfnum, og renna greiðslur úr sjóðnum beint til höfunda, **en ekki í gegnum Myndstef**. Þó þarf fulltrúi Myndstefs að samþykkja úthlutun. Rithöfundasamband Íslands fer með umsýslu sjóðsins.

Um úthlutun gilda ella lög nr. 91/2007 með síðari breytingum og reglur nr. 323/2008. Til að öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum þurfa höfundar og réttshafar að sækja um á sérstökum eyðublöðum sem finna má á heimasíðu RSÍ. Myndstef fór á árinu 2021 í mikla herferð til kynningar þessa sjóðar fyrir myndhöfundar, einkum myndhöfunda ríkrar myndskreyttra bókverka, til að tryggja að skráning í sjóðinn fari fram á réttum grundvelli og að myndhöfundar viti af sjóðinum. Samstarf við FÍT og Fyrirmynd var styrkt til muna vegna þessa.

10. Styrkúthlutanir

Myndstef veitir ýmsa styrki árlega, en fjármagn sem fer í styrki kemur til vegna heildarsamninga, samningskvaðasamninga og greiðslna frá Fjölís og IHM, sem ekki er unnt að greiða út einstaklingsbundið til höfunda ásamt greiðslna vegna höfunda sem eru fallnir úr vernd, finnast ekki eða ekki er unnt að greiða út með öðrum hætti.

Í heildina úthlutaði Myndstef 16.250.000 kr í styrki árið 2021, þar af voru 15 milljónir greiddar í styrki beint til myndhöfunda, sem skiptist milli verkefnastyrkja og ferða-og menntunarstyrkja.

Beinir styrkir til myndhöfunda

Hvert ár ákveður stjórn Myndstefs heildarfjárhæð styrkja sem veittir eru beint til myndhöfunda í samráði við löggildan endurskoðanda samtakanna. Árið 2021 ákvað stjórn Myndstefs að halda heildarfjárhæð ferða-og menntunarstyrkja í 2.250.000 kr eins og undanfarin ár, en að halda hækkun heildarfjárhæð verkefnastyrkja í 12.750.000 kr eins og var gert árið 2020 (sem þá var hækkun úr 8.000.000 kr). Hækkunin var gerð í ljósi aðstæðna í heiminum sökum heimsfaraldursins og að fordæmi annarra styrktarsjóða sem höfðu verið hækkaðir, en ljóst var að á árinu 2021 voru áhrif faraldursins enn mikil. Hækkunin var ætluð til þess að styðja við bakið á myndhöfundum á þessum fordæmalausum og óljósum tímum.

Gátu myndhöfundar sótt um tvö mismunandi hámark verkefnastyrkja, annars vegar 200.000 kr og hins vegar 400.000 kr. Hámark ferða-og menntunarstyrkja var 150.000 kr. Úthlutunarnefnd var þó gefið það ákvörðunarvald að veita lægri styrki, en þó ekki hærrí.

Á árinu 2021 bárust 124 umsóknir um verkefnastyrk og hlutu 45 umsækjendur styrk. 31 umsókn barst um ferða-og menntunarstyrk, en hlutu 20 umsækjendur styrk. Hægt var að veita um 42% umsækjenda styrk að þessu sinni.

Hægt er að sjá nöfn styrkþega og verkefni á heimasíðu Myndstefs.

Úthlutunarnefnd styrkja Myndstefs er skipuð þremur aðilum frá mismunandi aðildarfélögum, en hver nefnd situr í tvö ár. Ekki voru neinar reglur eða viðmið um það hvaða aðildarfélög tilnefndu í nefndina hverju sinni. Á fundi fulltrúaráðs fyrr á þessu ári var ákveðið að úthlutunarnefnd styrkja Myndstefs yrði alltaf byggð á þremur stöðum Myndstefs; þ.e. að í úthlutunarnefnd sitji alltaf 1 úr ljósmyndun, 1 úr myndlist, 1 úr hönnun og arkitektúr.

Nefndin sem sá um úthlutun styrkja árs 2021 lauk starfi sínu þá og tekur ný nefnd við á þessu ári, sem er tilnefnd af eftirfarandi aðilum:

- Myndlist: SÍM
- Hönnun/arkitektúr: Miðstöð hönnunar og arkitektúrs
- Ljósmyndun: FÍSL

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnar Myndstefs hversu miklum fjármunum verði varið í styrkveitingar á þessu ári, en sú ákvörðunartaka er í höndum stjórnar Myndstefs í samráði við löggildan endurskoðanda.

Muggur

Muggur er sjóður sem Menningarmálanefnd Reykjavíkur, SÍM og Myndstef stofnuðu árið 2004 og er SÍM umsjónaraðili sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja myndlistarmenn til tímabundinnar dvalar erlendis vegna sýningar, vinnustofu eða annars sambærilegs myndlistarverkefnis.

Samningur um sjóðinn er endurnýjaður á þriggja ára fresti og var komið að endurnýjun á árinu 2021. Í janúar 2021 barst stjórn Myndstefs beiðni frá SÍM um hækkun á framlagi í MUGG styrktarsjóð. Óskað var eftir hækkun árlegrar greiðslu úr 400.000 kr í 1 milljón. Aðeins einu sinni frá stofnun sjóðsins höfðu framlög stofnenda hækkað og var það á árunum 2007/2008.

Eftir nokkrar umræður og samskipti við SÍM samþykkti stjórn Myndstefs að hækka framlag samtakanna í styrktarsjóð Mugg í 1 milljón króna. Það var gert í ljósi ágætar fjárhagsstöðu Myndstefs og þess að framlag hafði ekki hækkað frá árinu 2008.

Á árinu 2021 var greidd 1 milljón í styrktarsjóð Muggs.

Styrkur til Hulda Rósar Guðnadóttur vegna dómsmáls

Stjórn Myndstefs hefur heimild til þess að ráðstafa fjármunum Myndstefs með styrkjum til myndhöfunda/rétthafa vegna einstakra dómsmála sem geta verið fordæmisgefandi fyrir alla myndhöfunda.

Er þessi heimild veitt m.a. vegna vöntunar á dómum í höfundarétti á Íslandi og vegna þess að samtökin hafa ekki heimild til þess að höfða slík mál sjálf. Þá hefur stjórn sett sér sérstakar viðmiðunarreglur um svona styrki.

Á árinu 2021 barst beiðni um styrk vegna dómsmáls höfundarins Huldu Rósar Guðnadóttur. Hófst það mál hjá Myndstef og fóru samtökin með það eins langt og hægt var. Ýmis atriði málsins gátu verið fordæmisgefandi en m.a. var deilt um réttmætingu álags vegna vöntunar á leyfi frá höfundi áður en notkun hófst (eins og getið er á um í skilmálum gjaldskrár Myndstefs).

Ákveðið var að veita Huldu Rós málsóknarstyrk að fjárhæð 250.000 kr.

Dómur málsins var kveðinn upp þann 7. desember 2021 og var hann nokkuð afgerandi og fordæmisgefandi, sérstaklega þegar við kemur skyldu notanda til þess að afla leyfis áður en notkun hefst og bætur vegna sæmdarréttarbrot.

11. Lokaorð

Ljóst er að á árinu 2021 var óvenju mikið að gera hjá Myndstef, í raun svo mikið að hækka þurfti starfshlutfall Hörpu Fannar sem enn hefur ekki verið hægt að lækka.

Fyrir utan þau verkefni sem hafa verið upptalin í þessari skýrslu þá hefur augin vitundavakning höfunda og notenda um höfundarétt haft það í för með sér að á árinu bárust samtökunum yfir 60 mál þar sem skrifstofan aðstoðaði höfunda beint við réttindavörslu sína og notendur vegna leyfisveitinga og samninga, en það er um 50% aukning frá árinu 2020. Að auki bárust samtökunum fjöldinn allur af fyrirspurnum og beiðnir um almennar upplýsingar um höfundarétt. Þá voru félagsmenn voru einnig duglegir að nýta sér ókeypis lögfræðiráðgjöf samtakanna. Ljóst er að staða Myndstefs er nokkuð góð en hafa samtökin verið varkár með fjármuni sína, sérstaklega í ljósi langvarandi óvissu um IHM tekjur. Nú þegar ákveðinn sigur hefur unnist þar sjá

samtökin fyrir sér að geta haldið áfram að geta styrkt og stutt við myndhöfunda, m.a. með góðum styrkjum.

Enn eru næg verkefni framundan, en samtökin leggja áherslu á kynningar og fræðslu á höfundarétti fyrir höfunda og notendur, sérstakleg á mikilvægi þess að gera samninga. Einnig er framundan áframhaldandi vinna við gerð samningskvaðasamninga, áhrif á lagabreytingar og barátta fyrir meiri gagnsæi á ýmsum þáttum höfundaréttar gagnvart höfundum.



Ragnar Th Sigurðsson, *stjórnarformaður Myndstefs*